

## Stjórn málaályktun 42. landsfundar Sjálfstæðisflokksins

### Frelsi

Frelsi einstaklingsins er grunnurinn að sanngjörnu og umburðarlyndu samfélagi þar sem virðing er borin fyrir ólíkum lífsháttum. Þetta sannast best þegar lítið er til landa þar sem einstaklingsfrelsið er fótum troðið. Á undanförunum árum hefur verið reynt að gera hugtakið tortryggilegt og bendla það við græðgi og yfirgang. Frelsi til athafna, skoðana og tjáningar þykir svo sjálfsagt að eftir því er ekki lengur tekið. Ef við gætum ekki að okkur kann að verða gengið á réttindi sem við teljum sjálfsögð án þess að við tökum eftir því.

### Jafnrétti

Frelsi einstaklingsins er grundvöllur jafnréttis og jafnrétti allra einstaklinga er grundvallargildi í stefnu í Sjálfstæðisflokksins. Með því að stuðla að jafnrétti kynjanna er lagður grunnur að velferð einstaklingsins, fjölskyldunnar og atvinnulífsins og þar með samfélagsins alls. Markmiðið er að hvergi líðist óútskýrður launamunur kynjanna. Lög um fæðingarorlof þurfa að hvetja bæði feður og mæður til að nýta rétt sinn. Heimilisofbeldi og kynbundið ofbeldi þarf að uppræta. Styðja á félagasamtök sem vinna gegn ofbeldi.

Sjálfstæðisflokkurinn verður áfram leiðandi í jafnréttismálum hinsegin fólks enda hefur hann staðið að lagabreytingum um aukin réttindi þess varðandi samvist og ættleiðingar. Halda þarf áfram á þeirri braut þannig að allir einstaklingar njóti sömu réttinda.

Öllum á að vera heimilt að iðka og aðhyllast hvaða trúarbrögð sem er. Trúfrelsi og trúariðkun má þó aldrei ganga gegn stjórnarskrá eða öðrum lögum í landinu.

Aldraðir sem eru á dvalar- og hjúkrunarheimilum eiga að halda fjárhagslegu sjálfstæði sínu og rétti til einkalífs. Aldraðir eiga að getað aflað sér atvinnutekna og selt eða leigt eignir sínar án þess að bætur skerðist umfram aðra þjóðfélagshópa.

Fatlaðir einstaklingar eiga að hafa val um að stýra þjónustu sinni sjálfir. Auka þarf sjálfstæði þeirra sem búa við mesta fötlun.

### Mannréttindi

Landsfundur styður ákvörðun ríkisstjórnarinnar um að auka fjármagn til flóttamannaaðstoðar. Ísland á að taka vel á móti innflytjendum. Mannúðarsjónarmið þarf að hafa að leiðarljósi í málefnum hælisleitenda.

Á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, NATO og annarra alþjóðlegra samtaka og stofnana ber Íslendingum að styðja af einurð málefni friðar og mannréttinda. Þar ber hæst vandi flóttafólks.

Forsendur jákvæðrar efnahagsþróunar og bættra kjara íbúa fátækustu ríkja heims eru aukin utanríkisviðskipti og aukin réttindi kvenna. Sjálfstæðisflokkurinn telur að draga eigi úr viðskiptahindrunum á heimsvísu.

Líta þarf á fíkn sem heilbrigðisvanda en ekki löggæsluvanda. Skapa þarf fleiri úrræði fyrir fíkla með skaðaminnkun að leiðarljósi.

### Heilbrigði

Áherslu ber að leggja á forvarnir og heilsueflingu á öllum sviðum. Sérstaklega ber að huga að forvörnum í geðheilbrigðismálum. Efla þarf úrræði fyrir andlega vanheila afbrotamenn. Mótuð verði stefna í baráttunni við lífstílstengda sjúkdóma.

Mikilvægt er að tryggja aðgengi allra að vel skilgreindri heilbrigðisþjónustu og horfa til fjölbreyttra rekstrarforma með það að markmiði að bæta þjónustu, skilvirkni og hagkvæmni í rekstri.

### **Efnahags- og fjármál**

Óflugt og fjölbreytt atvinnulíf er forsenda góðra lífshæðis. Mikilvægt er að ríkisvaldið einbeiti sér að rekstri grunnstoða samfélagsins sem almenn sátt er um, en eftirláti einkageiranum allan almennan atvinnurekstur og takmarki ekki athafnafrelsi einstaklinga að óþörfu. Vinda þarf ofan af skattahækkunum fyrri ríkisstjórnar.

Til þess að efla deiliahagkerfið við hlið hefðbundins atvinnulífs á jafnréttisgrunni þarf að einfalda allt opinbert regluverk og skattkerfið.

Selja á eignarhlut ríkisins í fjármálafyrirtækjum og tryggja dreift eignarhald. Mikilvægt er að söluferli á hlutum ríkisins í viðskiptabönkum verði opið og gagnsætt.

Sjálfstæðisflokkurinn leggur áherslu á ábyrgja stjórn opinberra fjármála og lækkun ríkisskulda. Afar mikilvægt er að afnámi fjármagnshafta ljúki sem fyrst.

### **Húsnæðismál**

Það er sérstakt markmið Sjálfstæðisflokksins að auðvelda ungu fólki sín fyrstu húsnæðis kaup með skattalegum og vaxtalegum hvötum til sparnaðar til að standa undir fyrstu útborgun. Leita þarf leiða til að lækka byggingarkostnað og auka framboð á íbúðum sem henta jafnt til kaups eða leigu við upphaf búskapar. Úrræði eins og séreignarsparnaðarleiðina skal festa varanlega í sessi. Endurskoða þarf reglur um greiðslumat.

Íbúðalánasjóður á að draga sig út af almennum íbúðalánamarkaði samhliða endurskoðun á opinberu stuðningskerfi í húsnæðismálum.

### **Umhverfið**

Íslensk náttúra er ómetanleg auðlind og finna þarf jafnvægi milli þess að nýta hana og vernda. Sjálfstæðisflokkurinn verður áfram í fararbroddi í umhverfismálum. Reynslan sýnir að skynsamleg nýting náttúruauðlinda er að jafnaði best tryggð með því að nýtingar- og afnotarétturinn sé í höndum einkaaðila. Þær atvinnugreinar sem nýta náttúruauðlindir sem ekki eru í einkaeign eiga að greiða fyrir það sanngjarnt auðlindagjald, sem dragi ekki úr fjárfestingum og framþróun.

Setja þarf viðmið um vistvæn markmið á sem flestum sviðum og leggja áherslu á umhverfisvæna lífshætti og að draga úr sóun verðmæta.

Mikil sóknarfæri felast í uppbyggingu ferðaþjónustunnar. Nýta þarf heimild í lögum til gjaldtöku til að vernda náttúruna og stýra aðgengi ferðamanna að viðkvæmum svæðum. Mikilvægt er að tekjur sem myndast við slíka gjaldtöku verði eftir í héraði.

### **Utanríkismál**

Viðskiftafrelsi er einn af hornsteinum utanríkisstefnu Íslands. Sjálfstæðisflokkurinn telur að öryggi landsins sé best tryggt með aðild að Atlantshafsbandalaginu og varnarsamningi

Íslands og Bandaríkjanna. Sjálfstæðisflokkurinn áréttar að hagsmunir Íslands séu best tryggðir með því að standa utan Evrópusambandsins.

### **Upplýsingasamfélagið**

Upplýsingaflæði á að byggjast á frelsi en ekki forsjarhyggju. Styrkja þarf varnir Íslands þegar kemur að netöryggi. Sífelld á að endurskoða hvaða upplýsingum stjórnvöldum er heimilt að skrá og varðveita um einstaklinga.

Stjórnvöld eiga að leggja áherslu á að nýta þá möguleika sem felast í rafrænni stjórnsýslu með það að markmiði að hagræða í opinberum rekstri og bæta þjónustu við almenning.

Með tilkomu rafræns menningarefnis hafa möguleikar listamanna og annarra framleiðenda til fjármögnunar og sölu farið þverrandi. Sjálfstæðisflokkurinn ætlar að standa vörð um höfundarétt hugverka.

Vernda skal íslenska tungu á tímum vaxandi tölvu- og tækjanotkunar í samskiptum.

### **Innviðir**

Markviss uppbygging innviða treystir búsetuskilyrði um allt land og er forsendan fyrir heilbrigðum vexti í ferðaþjónustu. Bættar samgöngur, aðgengi að háhraðanetþjónustu, góð heilbrigðisþjónusta og traust löggæsla gera Ísland byggilegra og betra heim að sækja.